



Fundargerð

454. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi þann 12. nóvember 2020 kl. 15:00. Þetta er 16. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskrað af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 6 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=jD95wlxTphQ>

Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista tekur sæti Katrínar Gunnarsdóttur D-lista boðar forföll. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá að við málefnskrá bætist;

II. Málefni til umfjöllunar

5. Aðalfundur Bergrisans bs. – tilnefning fulltrúa

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

30. október aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

30. október stjórnarfundur Bergrisans bs

2. nóvember fundur með þingmönnum sjálfstæðisflokksins og fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi

3. nóvember fundur lögreglustjórans á Suðurlandi vegna Covid 19

3. nóvember fundur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa með forsvarsmönnum Skerjavalla ehf vegna lóðarleigusamnings um íbúðabyggð í landi Hæðargarðs

4. nóvember fundur með landeigendum að Fjaðrárgljúfri, Umhverfisstofnun og sveitarfélagsins

5. nóvember stjórnarfundur SSKS

5. nóvember vinnufundur sveitarstjórnar

5. nóvember kynning á tillögu að matsáætlun fyrir Vindorkugarði í landi Grímsstaða í Meðallandi

5. nóvember vinnufundur stjórnar Bergrisans vegna fjárhagsáætlunar 2021

6. nóvember Ársfundur SSKS

9. nóvember fundur vegna endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps

9. nóvember fundur með Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skógræktinni og landgræðslunni vegna hugmynda um þátttöku í verkefni tengt Bonn sáttmálanum

10. nóvember fundur sveitarstjóra og fjármálastjóra með endurskoðendum vegna upphafsvinnu við endurskoðun 2020

Íbúafundur vegna fjárhagsáætlunar Skaftárhrepps áætlaður 18. nóvember nk í fjarfundi á zoom.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 160. fundar skipulagsnefndar, dags. 10.11.2020.

2. **1710004 – Hverfisfljót - Lýsing v breytinga á Ask og Dsk fyrir Hnútvirkjun**



Ragnar Jónsson kt. 150248-4509 leggur fram til umfjöllunar skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi virkjunaráforma í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila að skipulags- og matslýsingin verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum nr.123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulags- og matslýsingin verði tekin til meðferðar í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Bókunin borin upp til atkvæða:

Samþykkt af fulltrúum D-lista JHK, BG og RÞG

Hafnað að fulltrúum Z-lista KH og BKG

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Samþykkt af fulltrúum D-lista EBH, JHK og BG

Hafnað af fulltrúum Z-lista JBJ og AH.

3. 1908007 - Hrífunes – Breyting á Ask og greinargerð til umfjöllunar

Lögð er fram breyting á aðalskipulagi fyrir Hrífunes. Svæði V2 er stækkað um 34 ha vegna hótélbyggingar áforma. Stærð V2 verður samtals 80 ha eftir breytinguna.

„Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breytingartillagan verði samþykkt og að hún verði kynnt skv. 30. og 31gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar samhljóða.

4. 2010007 - Klausturvegur 4 – dsk gerð skólalóðar

Lögð fram fyrstu drög að deiliskipulagi fyrir skólalóð þar sem tekið er tillit til aðkomuvega og göngustíga ásamt nauðsynlegum nýbyggingar möguleikum skólahúsnæðissins, Erró-seturs m.m.

Skipulagsnefnd ræddi hugmyndir og Landmótun falið að koma með frekari útfærslur í anda umræðu fundarins. Skipulagsnefnd leggur á það áherslu að svæðið allt neðan Klausturvegur frá Fossá og austur úr verði skoðað í heild sinni.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar samhljóða.

5. 1908016 - Flaga 2 – Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna afgreiðslu dsk.

Lögð fram athugasemd Skipulagsstofnunar vegna afgreiðslu á dsk fyrir Flögu 2, L176602. Málið varðar athugasemd sem barst á auglýsingatíma dsk tillögunnar, sjá meðf. gögn.

„Skipulagsnefnd óskar eftir frekari gögnum frá umsækjanda deiliskipulags. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar samhljóða.

Jóna Björk Jónsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi



6. 2011003 - Skaftárdalur - óskað eftir framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt.

Porfinnur Snorrason fh. Skaftárdals ehf. kt. 580382-0299 sækir um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Skaftárdals skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki allra landeigenda í Skaftárdal.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar samhljóða.

Jóna Björk Jónsdóttir mætir aftur til fundarins.

7. 2011002 - Orustustaðir – ósk um stofnun lóða úr landnúmeri L163421

Hreiðar Hermannsson kt. 020648-4069 óskar eftir að stofna lóðir út úr Orustustöðum L163421 skv. meðf. gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar samhljóða.

8. 2011005 - Seglbúðir – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163433

Jón Árni Þórisson kt. 011050-3879 óskar eftir að stofna lóð út úr landi Seglbúða L163433 skv. meðf. Gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar samhljóða.

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi. Í hennar stað er mætt Unnur Einarsdóttir Blandon 2. varamaður D-lista. Bjarki Guðnason varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

9. 2010003 - Kindargata 7 – dsk breyting, nýr byggingarreitur á lóð L163368

Pétur Davíðsson kt. 190344-3209 leggur inn dsk uppdrátt sem sýnir nýja legu byggingarreits innan lóðarinnar Kindargata 7, Efri-Vík skv. meðf. teikningu

Á 159.fundi nefndarinnar var eftirfarandi bókað varðandi þetta mál: „Skipulagsnefnd óskar eftir að lagður verði inn dsk uppdráttur sem sýni færslu byggingarreits og málið síðan grenndarkynnt hjá aðliggjandi lóðarhöfum.“

„Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar samhljóða.

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans. Unnur Einarsdóttir Blandon vikur af fundi.

10. 1603012 - Gestastofa við Sönghól – Framkvæmdal. / Graftrarl. v. nýbyggingar

Kristján Rafn Harðarson fh. Framkvæmdasýslu ríkisins kt. 510391-2259 óskar eftir framkvæmdaleyfi / graftrarleyfi fyrir jarvegsskiptum v nýbyggingar gestastofu Vatnajökulþjóðgarðs skv. meðf. gögnum.



„Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið með fyrirvara um að fyrir liggi leyfi vegna efnistöku.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar samhljóða.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

2. Fundargerð 75. fundar íprótta- og tómstundanefndar, dags. 17.10.2020

Fundargerð í heild sinni vísað til umræðu um fjárhagsáætlun 2021-2024.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1903004 Íbúðalóðir í landi Hæðargarðs. Fasteignafélagið Skerjavellir, dags. 09.11.2020

Fasteignafélagið Skerjavellir ehf hefur boðið Skaftárhreppi framleigu á lóð í landi Hæðargarðs sem ætluð er undir íbúðabyggð og vinna við deiliskipulag er hafin. Sveitarstjórn þakkar erindið en hafnar tilboðinu. Í gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps er gert ráð fyrir íbúðum í landi Hæðargarðs sem enn er óskuldbundið. Sveitarstjórn telur eðlilegra að leita eftir milliliðalausum samningum við landeiganda vegna uppbyggingar íbúðabyggðar í hans landi.

Bókunin er borin upp til atkvæða;

EBH, AH, JHK og JBJ samþykkja ofangreinda bókun. BG situr hjá og óskar bókunar; Bjarki Guðnason telur ekki rétt að sveitarstjórn hafni tilboðinu að svo stöddu þar sem ekki liggja fyrir drög að samningi eða samningur.

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næstu tveggja liða og vikur af fundi. Í hennar stað er mætt Unnur Einarsdóttir Blandon 2. varamaður D-lista. Bjarki Guðnason varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

2. 2004005 Viðspyrna sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna Covid 19 – viðbótaraðgerðir

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir eftirfarandi viðbótaraðgerðir vegna Covid 19;

Samþykktar eru viðbótar breytingar á gjalddögum fasteignagjalda í samræmi við bráðabirgðaákvæði 14. gr. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 sem áður voru samþykktar í sveitarstjórn 20. apríl 2020. Fyrirtæki sem orðið hafa fyrir verulegu tekjufalli geta sótt um frestun eins gjalddaga til viðbótar við þá tvo sem áður var heimilt ásamt þeim gjöldum sem innheimt eru meðfylgjandi til 15. janúar 2021. Verði gjaldandi sem frestað hefur greiðslum fyrir miklu tekjufalli á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár getur hann óskað eftir auknum fresti og dreifingu greiðslna sem hefur verið frestað til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal gjaldandinn beina til sveitarfélags fyrir 15. janúar 2021.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og fjármálastjóra fullnaðarafgreiðslu ofangreindra aðgerða.

3. 2011007 Niðurfelling eða frestun fasteignagjalda. Efri-Vík ehf, dags. 13.10.2020

Með vísan í samþykktar viðbótaraðgerðir við Viðspyrnu sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna Covid 19 samþykkir sveitarstjórn erindi Efri-Víkur ehf um frekari frestun fasteignagjalda.



Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans. Unnur Einarsdóttir Blandon vîkur af fundi.

4. 2011008 Samstarfssamningur Markaðsstofu Suðurlands – ósk um endurnýjun. Markaðsstofa Suðurlands, dags. 05.11.2020

Sveitarstjórn þakkar erindið og felur sveitarstjóra að finna fundartíma fyrir kynningu frá Markaðsstofu Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að endurnýja samstarfssamninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir sína hönd.

5. Aðalfundur Bergrisans bs. – tilnefning fulltrúa

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilnefnir Evu Björk Harðardóttur, Arndís Harðardóttir og Bjarki Guðnason sem aðalfulltrúa. Sandra Brá Jóhannsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Jón Hrafn Karlsson til vara.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 54. fundar stjórnar SSKS, dags. 05.11.2020. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 890. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30.10.2020. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð fundar lögreglustjóra Suðurlands með bæjar- og sveitarstjórum, dags. 03.11.2020. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð 563. fundar stjórnar SASS, dags. 28.10.2020. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð fundar með Umhverfisstofnun og landeigendum Fjaðrárgljúfurs, dags. 04.11.2020. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð 9. fundar endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032, dags. 09.11.2020. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Áfangastaðastofa Suðurlands, tillögur að útfærslu – Minnisblað til ráðherra ferðamála. Markaðsstofa Suðurlands, október 2020. *Kynnt.*
2. Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands ses. 2019. *Kynnt.*
3. Áætluð framlög sveitarfélaganna til SASS, HSL og annarra verkefna 2021. *Kynnt.*
4. Yfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna breytinga á starfsskyldum starfsmanna leik- og grunnskóla á neyðarstigi almannavarnarlaga og á tímum Covid – 19. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 06.11.2020. *Kynnt.*
5. Stöðuskýrsla nr. 7 til ráðgefandi aðila. Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid 19. Félagsmálaráðuneytið, dags. 06.11.2020. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt í tölvupósti til sveitarstjóra

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 26. nóvember nk.

Fundi slitið kl. 16:05

Eva Björk Harðardóttir

Jón Hrafn Karlsson



Unnur Einarsdóttir Blandon

Jóna Björk Jónsdóttir

Arndís Harðardóttir

Bjarki Guðnason